

BORGARRÁÐ 22. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarstjóri sýni gott fordæmi og hætti með öllu að ferðast um með einkabílstjóra - R180710034

Lagt er til að borgarstjóri sýni gott fordæmi og hætti með öllu að ferðast um með einkabílstjóra. Hér er ef til vil ekki um að ræða háa upphæð heldur mikið frekar hvaða ímynd borgarstjóri vill gefa af sér. Það að borgarstjóri hafi einkabílstjóra fer einfaldlega fyrir brjóstið á mörgum og einhverjum þykir þetta án efa hégómlegt. Þess vegna er lagt til að borgarstjóri, eins og aðrir borgarbúar, noti aðrar leiðir. Hér skapast jafnframt tækifæri til að nota þessar milljónir sem um ræðir í aðra hluti t.d. í þágu þeirra sem berjast í bökkum eða til að lækka ýmis gjöld sem fjölskyldur sem búa undir fátækramörkum þurfa að greiða fyrir börn sín hvort heldur það eru skólamáltíðir eða viðburðir í félagsmiðstöðvum.